

1858. 8. marz 1843, 5. gr. tölulið 1., og tilsk. 6. janúar 1857, 2. gr., er sýna óbeinlínis, að íslenzkir borgarar geti samtíðis verið þegnar Dana konungs og einhvers annars konungs.

Þeir sem öðlzt hafa borgararétt í verzlunarstöðum á Íslandi, eptir lagagreinum þeim er nú voru nefndar, megu síðan kaupa land, verzla og stunda hverja þá atvinnu er þeir vilja; þeir hafa og jafnan rétt við landsmenn til að hafa sjávarútveg, sbr. opið bréf 18. ágúst 1786, 16. gr., og tilsk. 13. júní 1787, 2. kap. 5. og 6. gr., sbr. 4. gr. En í tilsk. 13. júní 1787, 1. kap. 10. gr., segir, að hafa skuli einungis innlend skip til fiskjar á Íslandi, og er sjálfsagt, að grein þessi nær eigi síður til utanríkismanna, er setjast að á Íslandi, en til landsmanna þar. Verzlunarlögin 15. apríl 1854 hafa enga breytingu gjört í þessari grein; en eptir 1., 2. og 3. gr. er nú leyfilegt að flytja utan fisk, er verkaður er í landinu, á utanríkisskipum, hvort sem þau leigja heldur þegnar Dana konungs, eður utanríkismenn senda þau þangað á sinn kostnað.

30. júlí. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um framfæri sveitarómaga.**

Nú er vèr fengið höfum álit yðart, herra amtmáður, 23. desember í fyrra um umkvörtun hreppstjóranna í Laxárdals hrepp í Dala sýslu, er þeir bera sig upp undan úrskurði yðrum 21. júlí 1856, er var á þá leið, að Kristján nokkurr Kristjáns-son skyldi með fjölskyldu sinni eiga framfæri í Laxárdals hrepp: Þá látum vèr yður vita, sjálfum yður til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að með því allir játa, að Kristján hafi verið 6 ár samfleytt í Laxárdals hrepp, frá 1831—1837, þá leiðir það beinlínis af ákvæðum 6. gr. í reglugjörð 8. janúar 1838, að hann sè sveitlægur þar í hrepp, fyrst hann hefir eigi síðan eignast sveit annarstaðar; fyrir þessa sök finnst dómsmálastjórninni engin ástæða til að breyta úrskurði þeim, er þér, herra amtmáður, hafið á lokið.